

Verklagsreglur Kraftlyftingasambands Íslands við val í landslið

1. Í upphafi október ár hvert kallar landsliðsnefnd með tölvuskeyti til formanna aðildarfélaga KRAFT og þjálfararáðs eftir tillögum um mönnun landsliðs Íslands fyrir komandi ár svo og tillögum að landsliðsverkefnum..
2. Fyrir 15. október skulu félögin vera búin að senda inn sínar tillögur.
3. Skilyrði fyrir landsliðspáttöku:
 - a. vera íslenskir ríkisborgarar.
 - b. hafa verið félagar í aðildarfélagi KRAFT í a.m.k. 12 mánuði fyrir mót.
 - c. hafa náð landsliðslágmörkum fyrir viðkomandi mót.
 - d. hafa tekið þátt í, án þess að hafa fallið úr keppni, a.m.k. tveimur meistaramótum á mótaskrá KRAFT á næstliðnu ári. Í yngsta aldurflokki má vera um tvö opin mót að ræða.
 - e. hafa staðist lyfjaprófi innan 6 mánuða fyrir keppni.
 - f. hafa með orðum sínum og hegðun verið sjálfum sér og íþróttinni til sóma.
 - g. hafa skrifað undir landsliðssamningi.
4. Landsliðsnefnd ásamt landsliðsþjálfara taka síðan ákvörðun um endanlegt landslið og verkefni.
5. Fyrir lok nóvember skal landsliðsnefnd senda til stjórnar KRAFT tillögur sínar að landsliði og verkefnum til samþykktar.
6. Fyrir 15. desember skal birta upplýsingar um landslið og verkefni komandi árs á kraft.is
7. Valið er trúnaðarmál þar til það hefur verið birt á kraft.is

Þannig samþykkt á stjórnarfundi KRAFT þ. 30.9.2015